

Auglýsing

1
5. janúar

um

breyting á konungsúrskurði 12. febr. 1917, um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands.

Samkvæmt 1. gr. laga 2. janúar 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og eftir þegnlegum tillögum forsætisráðherrans, hefir Hans hátign konunginum 9. f. m. allramildilegast þóknast að ákveða þá breytingu á konungsúrskurði 12. febr. 1917, um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands, að bankar og sparisjóðir, sem til þessa hafa legið undir atvinnu- og samgöngumála-deild stjórnarráðsins, sjeu framvegis lagðir undir fjármálaráðuneytið, og ennfremur þær orðabreytingar, að orðið »deild« sje ekki notað, en að dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins nefnist dóms- og kirkjumálaráðuneyti, atvinnu- og samgöngumáladeildin atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti og fjármáladeildin fjármálaráðuneyti.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í fjarveru forsætisráðherrans, 5. janúar 1922.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.